

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2000**

frá 2. október 2000

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2000 frá 25. febrúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 162, 5.6.1998, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í 2. lið (tilskipun ráðsins 72/211/EBE) í XXI. viðauka við samninginn:

„**398 R 1165:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma (Stjtið. EB L 162, 5.6.1998, bls. 1).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ísland skal leggja fram gögn fyrir breytur 120 og 210 af einingum A og D, gögn fyrir breytu 210 af einingu B og gögn fyrir breytur 120, 123 og 210 af einingu C.
- b) Liechtenstein skal leggja fram gögn fyrir breytu 210 af einingu A, gögn fyrir breytur 135, 210 og 411 af einingu B, gögn fyrir breytu 210 af einingu C og gögn fyrir breytu 210 af einingu D.
- c) Ísland og Liechtenstein skulu leggja fram gögn frá og með fyrsta ársfjórðungi 2000.“

2. gr.

Texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1165/98 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner